

---

## Hringvegur (1). Bygging brúar yfir Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði og veglagning í Skútustaðahreppi og Norðurþingi

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging brúar á Hringvegi yfir Jökulsá á Fjöllum og veglagning beggja vegna hennar í Skútustaðahreppi og Norðurþingi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps og Norðurþings skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, leyfi Orkustofnunar skv. vatnalögum 15/1923 auk leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012, komi til þess að að raska þurfi fornleifum. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. janúar 2014.

19. desember 2013

## INNGANGUR

Þann 26. nóvember 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og liðum 2a og 10 b í 2. viðauka laganna, um fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir á Hringvegi með gerð brúar yfir Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði og veglagningu sitt hvoru megin árinna í Skútustaðahreppi og Norðurþingi. Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurþings, Skútustaðahrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með bréfi dags. 18. desember 2013, Skútustaðahreppi með tölvubrési dags. 17. desember 2013, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 9. desember 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 11. desember 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 13. desember 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. desember 2013. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 12. desember 2013.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða byggingu 230 m langrar brúar á Hringvegi yfir Jökulsá á Fjöllum og verður fyrirhugað brúarstæði um 500 m sunnan við núverandi brú. Í tengslum við brúarbygginguna verður lagður vegur beggja vegna brúarinnar á um 2,6 km löngum kafla auk þess sem gert er ráð fyrir rúmlega 100.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr þremur námum. Tilgangur framkvæmdanna er að bæta vegasamband á Hringvegi, auka umferðaröryggi og tryggja þungaflutninga og greiðari samgöngur milli Norður- og Austurlands.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaður vegur verði gerður samkvæmt vegflokki C8, sem geri ráð fyrir 8 m breiðum vegi og 7 m breiðu öryggissvæði meðfram honum. Vegurinn verði með bundnu slitlagi og hönnunarhraði hans  $\geq 90$  km/klst. Ný brú yfir Jökulsá verði með tveimur akreinum, alls um 10 m breið og hönnuð fyrir 90 km/klst hámarkshraða. Fram kemur að útbúa þurfi tengingar þar sem núverandi Hringvegur og nýr vegur mætist, bæði vestan og austan Jökulsár. Einnig þurfi að gera nýja tengingu fyrir Hólsfjallaveg við núverandi vegamót Hringvegur og Hólsfjallavegar en að loknum framkvæmdum muni Hólsfjallavegur liggja eftir núverandi Hringvegi á um eins km kafla austan Jökulsár, frá nýrri tengingu Hólsfjallavegar til suðausturs að nýjum vegamótum. Umferð ökutækja um núverandi brú verði ekki heimiluð og núverandi Hringvegur lagður af á um 1,3 km löngum kafla en verði þó opinn áfram sem reiðleið, hjóla- og gönguleið. Hengibrúin yfir Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði muni standa áfram, því að um sé að ræða merkilegt samgöngumannvirki. Fram kemur að áður en framkvæmdir við byggingu brúarinnar hefjist þurfi að leggja tímabundna aðkomuvegi beggja vegna árinna að fyrirhuguðu brúarstæði sem verði fjarlægðir að framkvæmdum loknum. Þá sé gert ráð fyrir að veita ánni frá framkvæmdasvæðinu á vinnutíma með því að loka annarri kvíslinni í einu með grjótvörðum varnargarði.

Fram kemur að áætluð efnisþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda sé 106.000 m<sup>3</sup> og muni efni að langmestu leyti verða tekið úr þremur námum en að litlu leyti falli efni til úr skeringum. Um sé að ræða námu A „Hrossaborgarmelar“, efnismagn um 1500 m<sup>3</sup> af grjóti og námu B „Við Jökulsárbrú“, efnismagn um 60.000 m<sup>3</sup>, sem séu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og námu C „Jökulsá á Fjöllum“, efnismagn um 33.000 m<sup>3</sup>, sem sé á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030.

**Frágangur.** Fram kemur að við framkvæmdir verði reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Gert sé ráð fyrir að námunum verði lokað, gengið frá jöðrum þeirra og þær aðlagðar að aðliggjandi landi. Ef lífrænt efni finnst í námum verði því ýtt í hauga áður en efnistaka hefjist og jafnað yfir við frágang. Frágangi á námum og vegskeringum verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg eða vatnssuppistöður í námunum. Röskuð svæði verði að öðru leyti mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis og verði allur frágangur í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar. Einnig verði hugað að lagfæringu á eldri sárum eða jarðraski í samráði við viðkomandi aðila. Fram kemur að til þess að forðast að brjóta upp landslagsheildir verði almennt

ekki ráðist í uppgræðslu á efnistökusvæðum eða skeringum ef landið í kring sé ógróið eða þar sem æskilegt sé að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða. Ef þörf sé á uppgræðslu á grónum svæðum verði gætt að grenndargróðri þar sem það á við og verði svarðlag nýtt sem og jarðvegur til að endurheimta þann gróður sem fyrir hafi verið, auk þess sem sáning og áburður verði notuð eftir atvikum og þá notaðar gróðurtegundir sem henti fyrir svæðið og skeri sig ekki úr umhverfinu.

Fram kemur að heildarkostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir sé áætlaður um 1 milljarður króna og að framkvæmdir muni ná yfir tvö ár. Fyrri árið verði unnið að hausti til þegar vatnsmagn í ánni sé hvað minnst en seinna árið verði unnið mestallt árið fram á vetur. Fram kemur að reistar verði vinnubúðir við brúarenda sem verði fjarlægðar að framkvæmdum loknum og gengið vel frá svæðunum, svo að ummerki hverfi fljótt.

**Umhverfisáhrif.** Fram kemur að landslagi á mögulegu framkvæmdasvæði hafi þegar verið raskað með núverandi vegi, brú og efnistöku og muni framkvæmdin því ekki hafa veruleg áhrif á landslagið, hvorki á námusvæðum né þar sem vegurinn liggir. Til að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst hafi ný brú verið hönnuð þannig að hún falli sem best að landslagi og sjáist sem minnst.

Fram kemur að í Norðurþingi sé framkvæmdin á svæði sem sé innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóti verndar samkvæmt lögum um menningarminjar sbr. viðauki 3, liður 2. iii.(c) í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Gerð hafi verið rannsókn á menningarminjum í tengslum við nýja veglínu Hringveggar árið 1995 og hafi engar friðlýstar fornleifar fundist á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess. Austan Jökulsár muni vegurinn þvera hina fornu þjóðleið milli Möðrudals og Grímsstaða en hún hafi verið aðalleiðin milli Austurlands og Norðurlands og einnig verleið milli Þingeyjarsýslu og Hornafjarðar. Fram kemur að 22 vörður séu í minna en 100 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu og þurfi að fá leyfi Minjastofnunar Íslands til að raska einni vörðu sem lendi innan öryggissvæðis vegarins. Fyrirnefndar vörður verði annars merktar vandlega og afmarkaðar áður en framkvæmdir hefjist og greint frá þeim í útboðsgögnum. Öll umferð vinnuvéla verði bönnuð innan afmarkaðra svæða.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að áhrif á gróður, fugla og vatnafar verði óveruleg.

**Staða skipulags.** Fram kemur að í Skútustaðahreppi sé fyrirhuguð framkvæmd á náttúruverndarsvæði samkvæmt Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Sama svæði sé skilgreint sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Í aðalskipulaginu sé legu Hringveggar við Jökulsá á Fjöllum breytt og gert ráð fyrir nýrri brú og sé framkvæmdin því í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins. Hins vegar þurfi að breyta Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 áður en framkvæmdir hefjist. Þá þurfi að gera deiliskipulag af svæði fyrir vinnuaðstöðu við brúarstæðið og fyrir vinnubúðir, sem verði annað hvort við áningarstað austan árinna eða nálægt nýju brúarstæði að vestanverðu og verði bæði svæðin kynnt í deiliskipulaginu.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Norðurþings, Skútustaðahrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands og Orkustofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að vegna friðunar lands fyrir sauðfjárbreit og vegna uppgræðslu sé land að gróa upp beggja megin Jökulsár. Stofnunin telur að við uppgræðslu framkvæmdasvæðisins eigi að gæta þess að rækta ekki gróskumeiri gróður en þann sem sé í næsta nágrenni. Stofnunin bendir á námur í Búrfellshrauni sem dæmi um viðhorf til uppgræðslu sem séu ekki til fyrirmyndar. Umhverfisstofnun telur að helstu sjónrænu áhrif framkvæmdarinnar, að brúnni frátalinni, gætu falist í ásýndarbreytingum vegna grjótnáms í námu B. Ráðgert sé að vinna námuna nokkuð djúpt og því ætti að leggja áherslu á við gerð efnistökuáætlunar að tryggja að náman verði mótuð við efnistöku þannig að svæðið falli sem best að landi að framkvæmd lokinni. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í svörum Vegagerðarinnar er tekið undir ábendingar Umhverfisstofnunar um námu B.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra bendir á að ekki komi fram hvert sé verndargildi efnistökusvæðis B sé og telji eftirlitið nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir því áður en leyfi til efnistöku verði veitt.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að jarðfræðingur hjá Vegagerðinni hafi metið verndargildi námunnar. Fyrir liggja að jarðmyndanir á umræddu landsvæði séu ekki sjaldgæfar og hafi lágt verndargildi en sökum nálægðar við fjölfarið svæði teljist þær hafa meðal verndargildi. Náman sé hins vegar á náttúruverndarsvæði á svæðisskipulagi miðhálandisins og flokkist því jarðmyndanirnar í verndargildisflokk 2 (hátt verndargildi) skv. verndargildisflokkun Vegagerðarinnar.

Fram kemur að Vegagerðin telji að efnistaka úr námu B muni hafa óveruleg áhrif á umhverfið. Auðvelt verði að ganga frá raski sem efnistaka á melasvæðinum muni hafa í för með sér en erfiðara verði að má ummerki um efnistöku úr klapparholtinu þar sem landið sé þar tiltölulega flatt. Vegagerðin muni leggja sérstaka áherslu á að frágangur verði góður á þessu svæði, m.a. með því að fylla að mestu upp í geilina sem að myndist vegna efnistökkunnar.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu brúar á Hringvegi yfir Jökulsá á Fjöllum og veglagningu beggja vegna hennar á um tveggja og hálfu kílómetra kafla og rúmlega 100.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr þremur námum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 2a og 10 b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði vegna sjónrænna áhrifa af efnistöku, einkum námu B, veglagningu og brúargerð, auk gerðar aðkomuvegar til bráðabirgða, tímabundinna varnargarða og vinnubúða á framkvæmatíma. Ráðgert er að taka um 60.000 m<sup>3</sup> efnis úr námu B á um 20.000 m<sup>2</sup> svæði og er náman staðsett nálægt fyrirhuguðum vegi og getur því verið vel sjáanleg. Stofnunin tekur undir með Umhverfisstofnun að mikilvægt sé að tryggja að náman verði mótuð við efnistökkuna þannig að svæðið falli sem best að landi að framkvæmdum loknum. Þá liggur fyrir að ný brú mun hafa í för með sér ásýndarbreytingar á afmörkuðu svæði auk þess sem nýtt vegstæði mun raska lítt snortnu svæði beggja vegna Jökulsár á Fjöllum. Skipulagsstofnun leggur áherslu á vandaðan frágang að framkvæmdum loknum í samræmi við fyrirætlanir Vegagerðarinnar sem fjallað er um hér að framan. Fyrirhugað vegstæði og námur eru á svæði sem eru lítt gróin og áhrif á gróður verða því ekki veruleg. Fyrir liggur að búið er að skrá fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og mun nýr vegur þvera forna þjóðleið austan Jökulsár auk þess sem fjarlægja þarf eina vörðu sem lendir innan öryggissvæðis meðfram veginum. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að til þess að koma í veg fyrir að aðrar fornleifar í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis verði fyrir raski verði þær afmarkaðar og merktar sérstaklega og þeirra getið í útboðsgögnum eins og Vegagerðin gefur fyrirheit um.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging brúar á Hringvegi yfir Jökulsá á Fjöllum og veglagning beggja vegna hennar í Skútustaðahreppi og Norðurþingi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps og Norðurþings skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, leyfi Orkustofnunar skv. vatnalögum 15/1923 auk leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012

komi til þess að að raska þurfi fornleifum. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. janúar 2014.

Jakob Gunnarsson



Skipulagsstofnun